

REGLUGERÐ

um gildistöku tiltekinnar gerðar Evrópusambandsins um aðskotaefni í matvælum.

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í XII. kafla II. viðauka, skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar öðlast eftirfarandi EB-gerð gildi hér á landi:

Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 315/93 frá 8. febrúar 1993 um málsmeðferð fyrir bandalagið vegna mengunarefna í matvælum. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem birt var í Stjórnartíðindum EB, L37, 13.2.1993, bls. 1.

Framangreind EB-gerð er birt sem fylgiskjal við reglugerð þessa.

2. gr.

Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar fara með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt nema annað sé ákvarðað samkvæmt lögum eða sérreglum.

3. gr.

Með brot gegn reglugerð þessari skal farið samkvæmt lögum nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum, samanber og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga um matvæli nr. 93/1995, samanber og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfísráðuneytinu, 13. maí 2005.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Fylgiskjal.**REGLUGERÐ RÁÐSINS (EBE) nr. 315/93**

frá 8. febrúar 1993

um málsmeðferð fyrir bandalagið vegna mengunarefna í matvælum

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 100. gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,í samvinnu við Evrópuþingið ⁽²⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Mikilvægt er að samþykkja ráðstafanir með það í huga að koma smám saman á fót innri markaði fyrir 31. desember 1992. Innri markaðurinn á að mynda svæði án innri landamæra þar sem frjálsir vöruflutningar, fólksflutningar, þjónustustarfsemi og fjármagnsflutningar eru tryggðir. Ósamræmi í reglum aðildarríkjanna kann að hindra starfsemi hins sameiginlega markaðar og því ber að mæla fyrir um málsmeðferð um samþykkt samræmdra reglna bandalagsins.

Mengunarefni geta komist í matvæli á öllum stigum frá framleiðslu til neyslu.

Mikilvægt er, til að stuðla að almannahæilbrigði, að þessum mengunarföldum sé haldið við mörk sem viðunandi eru í eiturefnafræðilegu tilliti.

Vinna ber frekar að því að lækka þessi mörk með góðum starfsvenjum hvenær sem færi gefst. Opinber yfirvöld geta haft virkt eftirlit með því að góðar starfsvenjur séu hafðar í heiðri sakir starfsþjálfunar og reynslu starfsmanna sinna.

Ákvæði þessarar reglugerðar gilda með fyrirvara um ákvæði sem samþykkt eru sem liður í enn sérhæfðari reglum bandalagsins

Að því er heilsuvernd varðar ber að hvetja til þess að fundin verði sameiginleg leið til að nálgast viðfangsefnið mengunarefni í matvælum.

Hafa ber samráð við vísindanefnd um matvæli, sem sett var á stofn með ákvörðun 74/234/EBE ⁽⁴⁾, um öll þau viðfangsefni sem geta haft áhrif á almannahæilbrigði.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Þessi reglugerð fjallar um mengunarefni í matvælum.

„Mengunarefni“ merkir efni sem ekki er bætt í matvæli af ásettu ráði en er afgangsafurð í matvælum úr ræktun (m.a. aðgerðum í jarðrækt, búfjárrækt og dýralækningum), framleiðslu, vinnslu, tilreiðslu, meðhöndlun, pökkun, umbúnaði, flutningi eða geymslu matvæla eða orsakast af umhverfismengun. Utanaðkomandi efni, eins og skordýrahlutir, dýrahár, o.s.frv. heyra ekki undir þessa skilgreiningu.

2. Þessi reglugerð gildir ekkium mengunarefni sem fjallað er um í enn sérhæfðari reglum bandalagsins. Þegar reglugerð þessi öðlast gildi skal framkvæmdastjórnin birta til upplýsingar skrá yfir þær reglur sem um getur í fyrstu undirgrein í C-deild Stjórnartíðinda Evrópubandalagsins.

Framkvæmdastjórnin skal endurnýja skrána eftir því sem þurfa þykir.

3. Samþykkt skal ákvæði um mengunarefni í samræmi við þessa reglugerð, nema þau sem mælt er fyrir um í reglum sem um getur í 2. mgr.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. C 57, 4. 3. 1992, bls. 11.⁽²⁾ Stjtið. EB nr. C 129, 20. 5. 1991, bls. 104 og ákvörðun frá 20. janúar 1993 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).⁽³⁾ Stjtið. EB nr. C 223, 31. 8. 1992, bls. 24.⁽⁴⁾ Stjtið. EB nr. L 136, 20. 5. 1974, bls. 1.nartíðindi EB 13.

2. gr.

1. Óheimilt er að markaðssetja matvæli sem innihalda mengunarefni í magni sem með tilliti til almannaheilbrigðis og einkum eiturefnafræðilegra marka er óviðunandi.

2. Ennfremur skal halda mengunarefnum í því lágmarki sem frekast er unnt með því að fylgja góðum starfsvenjum á öllum stigum sem um getur í 1. gr.

3. Til að stuðla að almannaheilbrigði og samkvæmt ákvæðum 1. mgr., ef nauðsyn krefur, skal ákvarða hæstu vikmörk fyrir sérstök mengunarefni í samræmi við málsmeðferðina í 8. gr.

Samþykkja skal þessi vikmörk í formi ótæmandi skrár á vettvangi bandalagsins og geta þau innihaldið:

- mörk fyrir sama mengunarefni í ólíkum matvælum;
- greiningarmörk;
- ábendingu um sýnatöku- og greiningaraðferðir sem nota ber.

3. gr.

Samþykkja ber ákvæði sem geta haft áhrif á almannaheilbrigði að höfðu samráði við vísindanefndina um matvæli.

4. gr.

1. Hafi aðildarríki ástæðu til að ætla, vegna nýrra upplýsinga eða endurmats fyrirbyggjandi upplýsinga, að mengunarefni í matvælum sé hættulegt heilsufari manna, jafnvel þótt það sé í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar eða sérreglugerða sem samþykktar eru í samræmi við þessa reglugerð, er því heimilt að fresta tímabundið eða takmarka beitingu viðkomandi ákvæða á yfirráðasvæði sínu. Aðildarríkið skal tafarlaust tilkynna framkvæmdastjórninni og öðrum aðildarríkjum um slíkar aðgerðir og tilgreina ástæður fyrir ákvörðuninni.

2. Framkvæmdastjórnin skal rannsaka eins fljótt og auðið er þær ástæður sem aðildarríkið sem um getur í 1. mgr. tilgreinir innan vísindanefndarinnar um matvæli, sem sett var á stofn með ákvörðun 69/314/EEB⁽¹⁾, og skila álitu sínu án tafar og gera ráðstafanir í samræmi við málsmeðferðina í 8. gr.

5. gr.

1. Aðildarríkjunum er óheimilt að banna, takmarka eða setja höft á markaðssetningu matvæla sem eru í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar eða sérákvæði sem samþykkt eru samkvæmt þessari reglugerð af ástæðum er varða mengunarefnamörk þeirra.

2. Hafi ákvæði bandalagsins um hæstu vikmörk sem um getur í 3. mgr. 2. gr. ekki verið samþykkt skulu viðkomandi innlend ákvæði gilda með fyrirvara um að þau samræmist ákvæðum sáttmálans.

3a) Viðhaldi aðildarríki innlendum ákvæðum skal það tilkynna það framkvæmdastjórninni og öðrum aðildarríkjum innan sex mánaða eftir að þessi reglugerð er samþykkt.

b) Álitu aðildarríki nauðsynlegt að samþykkja nýja löggjöf skal það tilkynna framkvæmdastjórninni og öðrum aðildarríkjumum fyrirhugaðar ráðstafanir og greina frá ástæðum sem réttlæta þær. Framkvæmdastjórnin skal hafa samráð við aðildarríkin innan fastanefndar um matvæli telji hún það gagnlegt eða æski aðildarríki þess.

Aðildarríki er aðeins heimilt að grípa til slíkra fyrirhugaðra ráðstafana þremur mánuðum eftir að fyrirnefnd tilkynning er send og að því tilskildu að álit framkvæmdastjórnarinnar sé ekki neikvætt.

Ef svo er skal framkvæmdastjórnin, áður en fresturinn sem um getur í annarri málsgrein er útrunninn, hefja þá málsmeðferð sem kveðið er á um í

8. gr. í því augnamiði að ákvarða hvort heimilt sé að hrinda fyrirhuguðum ráðstöfunum í framkvæmd með viðeigandi breytingum ef nauðsyn krefur.

6. gr.

Framkvæmdastjórnin skal ár hvert senda fastanefnd um matvæli skýrslu um heildarþróun löggjafar á vettvangi bandalagsins um mengunarefni.

7. gr.

Framkvæmdastjórnin skal, fjórum árum eftir gildistöku þessarar reglugerðar, senda ráðinu skýrslu um þá reynslu sem aflað hefur verið ásamt viðeigandi tillögum ef þörf krefur.

8. gr.

Fastanefnd um matvæli, hér á eftir kölluð „nefndin“, skal vera framkvæmdastjórninni til aðstoðar.

Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álitu sínu á drögumunum fyrir þau tímamörk sem formanni er heimilt að setja eftir því hversu brýnt málið er. Álituð skal samþykkt með þeim meirihluta sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans þegar um er að ræða ákvarðanir sem ráðinu ber að samþykkja að tillögu framkvæmdastjórnarinnar.

Atkvæði fulltrúa aðildarríkjanna í nefndinni skulu vegin eins og kveðið er á um í þeirri grein. Formaður greiðir ekki atkvæði.

⁽¹⁾ Stjótt. EB nr. L 291, 19. 11. 1969, bls. 9.

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir séu þær í samræmi við álit nefndarinnar.

Séu fyrirhugaðar ráðstafanir ekki í samræmi við álit nefndarinnar, eða skili nefndin ekki álit, ber framkvæmdastjórninni án tafar að leggja tillögu fyrir ráðið um ráðstafanir sem gera skal. Ráðið tekur ákvörðun með auknum meirihluta.

Hafi ráðið ekkert aðhafst innan þriggja mánaða frá því að tillagan var lögð fyrir það skal framkvæmdastjórnin samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir nema ráðið hafi með einföldum meirihluta lýst sig andsnúið umræddum ráðstöfunum.

9. gr.

Reglugerð þessari er beint til aðildarríkjanna.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. febrúar 1993.

Fyrir hönd ráðsins,

J. TRØJBORG

forseti.